

Fundargerð

22. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 2. júlí 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin, en kynnt val unglinganefndar og afreksstjóra. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Aldursflokkskipting - Undanþága

Rætt að nýju um undanþágu vegna aldursflokkskiptingar vegna 15 ára og yngri vegna sérstakra aðstæðna. Ákveðið að afgreiða reglugerðarbreytingu á næsta fundi, en talið er að reglugerðarbreytingin sé óveruleg og beri að afgreiða í samræmi við það. Ákveðið að ræða við formann laganefndar um tillögu.

3. EAA - tilnefningar

Farið yfir erindi EAA um að FRÍ tilnefni í þrjú flokka til viðurkenninga, þjálfaraflokk, störf innan hreyfingar og kvennaflokk. Umræða og framkvæmdastjóra falið að setja saman tillögu til EAA í samræmi við umræður.

4. Meistaramót - Almennt

Starfshópur gerir grein fyrir umræðu innan hópsins. Rætt um 11-14 ára og 15-22 ára. Rætt um 21. öldina, tækifæri og erfiðleika. Rætt um tímaseðla, hátíðir og viðburði.

5. Meistaramót í 5.000 og 10.000 metrum

Rætt um reglugerðarákvæði og nauðsyn þess að koma meistaramótum í 5.000 og 10.000 metrum fyrir. Rætt um 2019. Rætt um breytingu m.t.t. þess að draga að fleiri utan aðildarfélaga sem gesti (keppendur). Kára Steini og Hönnu Margréti verkefnastjóra falið að leggja til hugmyndablað á útfærslu sem reglugerðin getur endurspeglad sig í.

6. Þjóðarleikvangur í Laugardal

Gert grein fyrir fundi starfshópsins með fulltrúum Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneyti og mannvirkjanefnd FRÍ, sem fram fór fyrr um daginn. Formanni FRÍ var falið að senda borgarráði og mennta- og menningarmálaráðuneytinu ítrekað erindi með skýrslu mannvirkjanefndar um ástand Laugardalsvallar og valkosti tillausna.

7. Önnur mál

- Viðurkenning heimsmeistara. Sagt frá tilhögun á vegum FRÍ þennan sama dag.
- Fjárhagsmál. Gjaldkeri gerir grein fyrir lokaniðurstöðu endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar 2019 með niðurstöðu ársreikninga fyrri ára.
- Uppskeruhátíð og formannafundur. Rætt um 29.11.2019. Formanni og varaformanni falið að útfæra tillögu til stjórnar um fyrirkomulag.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:30 með því að Abba fór yfir möguleika á fleiri sortum í föstudagskaffinu sínu.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.